

# Umsögn um lagafrumvarp

**Sendandi:** Dr. Sveinbjörn Gizurarson, prófessor við Lyfjafræðideild HÍ  
Aflagrandi 7  
107 Reykjavík

12. febrúar 2019

## **Vegna þingmáls „um opinberan stuðning við vísindarannsóknir“ Þingskjal nr.: 552, lagt fram á 149. löggjafarþingi**

Samkvæmt upplýsingum frá OECD leggur Ísland einungis 0.284% af vergri landsframleiðslu til þróunaraðstoðar. Þetta hlutfall er langtum minna en það sem nágrannaþjóðir okkar leggja til. Noregur leggur til 0.993%, Svíþjóð 1.019%, Danmörk 0.737% og Finnland 0.424%.

Ein af þeim leiðum sem Bretland hefur farið, er að setja upp svokölluðum „Global Challenges Research Fund“, en sjóðurinn styrkir vísindarannsóknir og þróunarverkefni sem eiga að gagnast þeim þjóðum sem þarfnast þróunaraðstoðar. Samkvæmt þeim upplýsingum sem undirritaður hefur fengið, þá reiknast þessi styrkur til þess hluta sem landið (í þessu tilfalli Bretland) leggur fram í formi þróunaraðstoðar.

Ísland ætti því að kanna þann möguleika að eyrnamerkja hluta af þeim fjármunum sem fara til „opinbers stuðnings við vísindarannsóknir“ í styrki til að efla rannsóknir sem hafa bein áhrif á þau lönd sem þarfnast þróunaraðstoðar og auka þannig hlut sinn til þróunaraðstoðar.

Virðingarfyllt  
Sveinbjörn Gizurarson, prófessor